

Nd.

912. Breytingartillögur

[217. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., sbr. lög nr. 24 10. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

Frá fjármálaráðherra.

Við 1. gr.

1. 43. töluliður orðist svo:
 43. Á 70. kafla:
 - a. 70.02 falli brott.
 - b. Sviginn „(ballotini)“ í nr. 70.19 falli brott.
2. Við 46. tölulið:

Á eftir staflið b bætist nýr stafliður, bb, er orðist svo:

bb. 73.32 orðist svo:
 - 73.32 Boltar og rær (þar með taldir skrúfteinar (bolt ends) og „pinnboltar“), með eða án skrúfgangs, skrúfur (þar með taldir skrúfkrókar og augaskrúfur), hnoð, fleinar, splitti og áþekkar vörur, úr járn eða stáli; skífur (þar með taldar spenniskífur) úr járn eða stáli.
3. Stafliður f í 47. tölulið orðist svo:
 - f. 74.15 orðist svo:
 - 74.15 Naglar, stifti, heftur, lykkjur, kengir, krækjur, sinklar, bólunaglar, spíkarar og teiknibólur, úr kopar eða úr járn eða stáli með koparhaus; boltar og rær (þar með taldir skrúfteinar (bolt ends) og „pinnboltar“), með eða án skrúfgangs, skrúfur (þar með taldir skrúfkrókar og augaskrúfur), hnoð, fleinar, splitti og áþekkar vörur, úr kopar; skífur (þar með taldar spenniskífur), úr kopar.
4. Við 54. tölulið á eftir staflið b bætist nýr stafliður, bb, er orðist svo:

bb. Tolltaxti tollskrárnúmers 84.23.61 í dálkum merktum A verði 4% 1978, 2% 1979 og 2% 1980.
5. Við 58. tölulið:

Á undan staflið a bætist nýr stafliður, aa, er orðist svo:

aa. Tolltaxti tollskrárnúmers 87.01.31 í dálkum merktum A verði 4% 1978, 2% 1979 og 2% 1980.

Á eftir staflið b bætist jafnframt við nýr stafliður, c, er orðist svo:

c. Tolltaxti tollskrárnúmera 87.14.21, 87.14.22, 87.14.23 og 87.14.41 í dálkum merktum A verði 4% 1978, 2% 1979 og 2% 1980.
6. Við 61. tölulið bætist nýr stafliður, cc, er orðist svo:

cc. Nýr skiptiliður, 03, bætist við nr. 90.26 og orðist svo:
 - 03— Mjólkur magnsmælar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins.Tolltaxti í dálkum merktum A verði 4% 1978, 2% 1979 og 2% 1980.